

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Norðurbæjar, Hellisgata 30.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 12. ágúst 2008 breytingu á deiliskipulagi Norðurbæjar, Hellisgata 30 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að að gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit. Heimilt er að staðsetja flutningshús á reitnum. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,45. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 25. ágúst 2008.

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 8. september 2008